

**Ed.**

**380. Frumvarp**

til laga um lánsfjelög.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands veitir rekstrarlán til bænda og annara, er landbúnaðarframleiðslu stunda, eftir reglum þeim, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbankans veitir lán til sparisjóða, samvinnukaupfjelaga, banka eða bankaútibúa, með því skilyrði, að fjed sje eingöngu

notað til þess að lána það út aftur til lánsfjelaga, sem stofnuð kunna að verða samkvæmt lögum þessum. Svo getur og sparisjóðsdeild bankans veitt sjálf lán beint til slíkra fjelaga.

Vexti af lánum þessum ákveður stjórn Búnaðarbankans, að fengnu samþykki ráðherra.

### 3. gr.

Samvinnukaupfjelög, er gerast milliliðir um rekstrarlán samkv. 2. gr., skulu halda þeirri starfsemi algerlega aðgreindri frá kaupfjelagsstarfrækslu sinni, með sjerstakri bókfærslu og aðskildum fjárhag.

### 4. gr.

Lánsfjelög eru rekstrarlánaafjelög með skyldum og rjettindum samvinnufjelaga. Þau skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufjelög, með þeim afbrigðum, er hjer segir:

- a. Fjelagsmenn skulu allir stunda einhverja tegund landbúnaðarframleiðslu og allir vera búsettir í sama bygðarlagi. Þeir mega ekki færri vera en 10 og ekki fleiri en 30. Þó mega fjelagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.
- b. Kjörtími stjórnenda skal eigi lengri vera en 2 ár, og er löglegt að meiri hluti stjórnar gangi úr á sama ári.  
Annar endurskoðandi fjelagsins skal kosinn af fjelaginu á venjulegan hátt, en hinn skipaður af stjórn peningastofnunar þeirrar, er fjelagið skiftir við um rekstarlán samkvæmt lögum þessum.
- c. Fjelagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar fjelagsins.
- d. Árgjald í varasjóð fjelagsins og aðra óskiftilega tryggingarsjóði skal ákveða í samþykktum, eigi minna samtals en svarar  $\frac{1}{2}\%$  ársvöxtum af öllum útlánum fjelagsins. Allur tekjuafgangur fjelagsins rennur í varasjóð.
- e. Fjelagsmaður getur jafnan sagt sig úr fjelagi með 6 mánaða fyrirvara til næstu áramóta, en um ábyrgð hans á skuldbindingum fjelagsins fer eftir lögum um samvinnufjelög.
- f. Undirskrift formanns og minst helmings meðstjórnenda hans skuldbindur fjelagið.

### 5. gr.

Stjórn lánsfjelags ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern fjelagsmann, í samráði við endurskoðendur, fyrir eitt ár í senn. Lánsjárhæð skal miða við búrekstur fjelagsmanns, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks fjelagsmanns má aldrei fara fram úr 4000 kr.

Utanfjelagsmönnum má ekki lána.

### 6. gr.

Hver fjelagsmaður setur fjelaginu veð eða aðra tryggingu, er fjelagsstjórn telur fullnægjandi, fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma.

7. gr.

Lán þau, er fjelögin veita fjelagsmönnum sínum, mega vera reikningslán eða víxillán. Reikningslán má veita til 1 árs í senn, og greiðist þá að fullu ásamt áföllnum vöxtum á þeim gjalddaga, sem ákveðinn er í samþykktum fjelagsins. Víxillán veitast eigi til lengri tíma en 6 mánaða og eigi framlengd lengur en svo, að víxillinn sje greiddur að fullu á hinum ákveðna gjalddaga fjelagsins. Hver fjelagsmaður sje skuldlaus einu sinni á ári um gjalddaga þess. Fjelagsmaður, sem ekki stendur í skilum við fjelagið, skal vikja úr fjelaginu. Lánsfjelag, sem ekki stendur í skilum við lánsstofnunina, má svifta rekstrarláni næsta ár, eða lengur, ef miklar sakir eru til.

8. gr.

Heimili og varnarþing lánsfjlags má vera í kaupþúni, þar sem fjelagsmenn hafa aðalviðskifti sín, þótt það sje utan fjelagssvæðis.

Stofnun sú, sem veitir fjelaginu lán, skal án sjerstaks endurgjalds halda reikning yfir reikningslánsviðskiftin við hvern einstakan fjelagsmann og reikna út fyrir hvern gjalddaga vexti þá, er hverjum fjelagsmanni ber að greiða, en fjelagsstjórnin annast greiðslu vaxtanna í einu lagi.

9. gr.

Sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, er veita lánsfjelögum lán, geta í þess stað keypt víxla einstakra fjelagsmanna með framsalsábyrgð fjelagsins. Slika víxla getur stofnunin endurselt með framsalsábyrgð sinni til sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Ísland, enda sjeu víxlarnir vistaðir þar eða á þá rituð yfirlýsing um að útgefandi og ábekingar fráfalli afsögn vegna greiðslufalls.

Nú verður víxill, sem lánsfjelag hefir ábyrgst fyrir fjelagsmann sinn, eigi sýndur á greiðslustað til borgunar á gjalddaga, og glatast þá eigi víxilrjetturinn, ef útgefandi og ábekingar hafa, með orðunum »án afsagnar« eða annari slikri áritun á víxilinn fráfallið afsögn vegna greiðslutalls.

Víxlar þeir, er lánsfjelag ábyrgist fyrir fjelagsmann sinn, skulu jafnan meðtaldir innan takmarka láns hans samkv. 5. gr., og varasjóðsgjald greiðist af þeim eins og öðrum útlánum rekstrarlána fjelaga samkv. 4. gr. d., enda skulu allir slikir víxlar tilfærðir í bókum lánsfjelaga.

10. gr.

Auk viðskifta lánsfjelaga við Búnaðarbanka Íslands, með eða án milli-göngu sparisjóða og annara peningastofnana, geta lánsfjelög selt víxla sína eða tekið lán hvar sem vera skal.

11. gr.

Stjórn lánsfjlags skal í byrjun hvers árs senda sýslumanni nafna-skrá yfir fjelagsmenn, og skal hún jafnan vera til sýnis þeim, er þess óska, í skrifstofu sýslumanns.

Samtímis skal og senda nafnaskrá fjelagsmanna til peningastofnunar þeirrar, er fjelagið skiftir við, og til Búnaðarbanka Íslands.

12. gr.

Þegar eftir hvern aðalfund skal stjórn lánsfjelags senda peningastofnun þeirri, er fjelagið skiftir við, og Búnaðarbankanum afrit af endurskoðuðum reikningum fjelagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar. Ennfremur tilkynning um breytingar á samþyktum fjelagsins og nafnaskrá yfir stjórnendur þess og starfsmenn.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er fjelagsmanni lánsfjelags rjett að veðsetja honum einu nafni tiltekna flokka búpenings síns, er hann á á hverjum tíma eða eignast kann, til tryggingar skuldbindingum sínum við lánsfjelagið.

Lausafjárveð lánsfjelaga þarf eigi að vikja fyrir forgangskröfum i þrotabúi skuldunauts.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld fyrir slik veðskjöl.

14. gr.

Atvinnumálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um lánsfjelög og gefið út leiðbeinandi fyrirmynd að samþyktum slikra fjelaga.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.